



Almennt

Heiti:	Sveitarstjórn Dalabyggðar - 165 (13.9.2018) - Laugar í Sælingsdal, staða og framtíð
Fyrirtæki:	Dalabyggð
Mál:	Laugar í Sælingsdal, staða og framtíð
Númer:	1809013
Dagsetning fundar:	13.9.2018
Inngangur:	Staðan í dag og næstu skref.
Niðurstaða:	Samþykkt
Bókun	Til máls tóku: Einar Jón, Eyjólfur og Svana. Einar Jón leggur fram eftirfarandi tillögu: Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkir að setja tillögu Arnarlóns frá 13. maí auk viðbóta frá 18. maí og sameiginlegum fundi núverandi sveitarstjórnar með fasteignasala og tilboðshafa 11. júlí síðastliðinn í íbúakosningu. Oddviti kom með eftirfarandi tillögu: Sveitarstjórn Dalabyggðar fái lögfræðing til að svara tölvupóstum frá fasteignasala um málið. Oddviti ber upp tillögu Einars Jóns. Tillaga felld með fjórum atkvæðum RP, SH, EB, ÞJS gegn þremur PJ, EJG, SJ. Einar Jón leggur fram eftirfarandi bókun: Ítrekað hefur nú verið gengið framhjá kjósendum í Dalabyggð sem eiga heimtingu á því að þeir séu upplýstir um núverandi stöðu í Laugamálinu. Það er með ólíkindum og nánast óþekkt að meirihluti sveitarsjórnar hafni ítrekað löglega uppbornum tillögum um aukið íbúalýðræði. Oddviti leggur fram tillögu um að fela lögfræðingi að svara bréfum fasteignasala í tengslum við sölu á Laugum. Samþykkt með fjórum atkvæðum, RP, SH, ÞJS, EB þrír sitja hjá PJ, EJG, SHJ

Ítarbókun
Bókun: